

Mánudaginn 7. apríl 1919.

Nr. 67/1918:

Erasmus Gíslason
gegn
Oddi Gíslasyni.

D ó m u r :

Áfrýjandi Erasmus Gíslason í Reykjavík höfðaði mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn stefnda Oddi Gíslasyni málaflutningsmanni til greiðslu skaðabóta, 50000 króna, fyrir atvinnuróg og lántraustspjöll, ásamt vöxtum af þessari upphæð, 5 af hundrði, frá sáttakærudegi til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu, en málinu lauk með dómi bæjarþingsins, uppkveðnum 7. nóvbr. f. ár, á þá leið, að stefndi var sýknaður og málskostnaður látinn falla niður. Þessum dómi hefir Erasmus Gíslason skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 26. nóvbr. f. ár, og gert þær réttarkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 50000 kr. með vöxtum eins og tekið er fram í stefnunni til bæjarþingsins og málskostnað að skaðlausu fyrir báðum réttum. Hins vegar krefst stefndi yfirréttarmálaflutningsmaður Oddur Gíslason þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, að áfrýjandi verði sektaður fyrir meiðyrði í sóknarskjali sínu og meiðyrðin dæmd dauð og ómerk, og að honum, stefnda, verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Áfrýjandi skýrir svo frá málavöxtum, að hann hafi verið staddur í Kaupmannahöfn í marsmánudi síðastliðið ár, og hafi verið komin í samninga við

kaupsýslumann þar um vörukaup fyrir alt að 10000 kr., en meðsemjandi sinn hafi þá fundið ástæðu til þess að snúa sér til stefnda með fyrirspurn um efnahag sinn; hafi stefndi svarað með símskeyti, sem lagt er fram í málinu; hafi það spillt fyrir vörukaupunum, svo að áfrýjandi hafi eigi fengið vörur þær, er hann hafi pantað og átti von á að fá, og fyrir því gerir hann skaðabótakröfu þá á hendur stefnda, sem að framan er tilgreind. Áminnst símskeyti, sem stefndi kannast við að hafa sent sem svar upp á fyrirspurn kaupsýslumannsins í Kaupmannahöfn hljóðar svo á ensku: »Rusmus (á að vera Erasmus) Gíslason not solid and not good for any credit Discreetness«. Segist stefndi hafa gefið þetta svar upp á fyrirspurn um hvort áfrýjandi væri »góður fyrir 10000 kr. kredit«, og segir að svarið þýði að hann »áliti áfrýjanda eigi solid og eigi góðan fyrir kredit«, og hefir þessi skýring eigi verið vefengd af áfrýjanda. Það verður nú að teljast leiða að stöðu áfrýjanda sem málflytningsmanns, að honum hafi verið heimilt að svara fyrirspurn kaupmannsins, og hafi hann svarað henni eftir því sem hann vissi sannast og réttast og með nægilegri gætni og varkárni, verður hann ekki sakaður fyrir svarið. Ekkert er nú komið fram í málinu, er bendi til þess að stefndi hafi í svarinu sagt annað en það, er hann áleit satt og rétt og eftir þeim skýrslum, sem fram eru komnar og óvefengnar eru um atvinnurekstur áfrýjanda, efnahag og gjaldþol um það leyti, er símskeytið var sent, verður eigi sagt að

stefndi hafi breytt gálauslega er hann svaraði á þá leið, sem að framan segir, enda er það beint tekið fram, að svarið sje gefið í trúnaði. En hvernig sem á þetta er litið, þá hlýtur það að ráða úrslitum málsins, að áfrýjandi hefir eigi sannað enda eigi gert tilraun til að sanna gegn beinni og ákveðinni neitun stefnda, að símskeytið hafi spillt lántrausti hans erlendis eða verið orsök þess, að hann varð af vorkaupunum þar. — Það verður því að sýkna stefnda í málinu og staðfesta bæjarþingsdóminn í öllum greinum, og eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 40 kr.

Í sóknarskjali sínu fyrir yfirdómi hefir áfrýjandi haft um stefnda orðið »landhlaupara pokurator«; skal það sem óviðurkvæmilegt dæmt dautt og ómerkt, en eigi þykir ástæða til að sekta fyrir það.

Fyrir undirrettinum hefir áfrýjandi lagt fram 1. og 2. tölublað af smáblaðinu »Kári«, sem hann kallar sig ábyrgðarmann fyrir. Til upplýsingar máli þessu hafa blöð þessi enga þýðingu, en í þeim eru greinar með skammaryrðum um yfirdóminn, yfirdómarana, dómara-stétt landsins og aðra. Yfirleitt eru blöðin ósæm-ileg máls skjöl, og verður áfrýjandi fyrir því að sektast fyrir óhæfilega málfærslu samkvæmt N. L. 1—12—1 og tilsk. 23. desbr. 1735, 2. gr. um 40 kr., er að helmingi renni í landssjóð en að helmingi í fátækra sjóð Reykjavíkur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn skal vera óraskaður. Orðið »Landhlauparaprókúrador« í sóknarskjali áfrýjanda ómerkist. Áfrýjandi Erasmus Gíslason greiði stefnda Oddi Gíslasyni málskostnað fyrir yfirdómi með 40 krónum. Áfrýjandi greiði og sekt 40 kr., helminginn í landssjóð og helminginn í fátækra sjóð Reykjavíkur.

Málskostnaður og sekt greiðist innan 8 vikna eftir lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaðför.

Mánudaginn 7. apríl 1919.

Nr. 66/1918:

Björn Gíslason
 gegn
 Oddi Gíslasyni og
 Jóhannesi Jóhannessyni
 bæjarfógeta.

D ó m u r:

Áfrýjandi Björn Gíslason kaupmaður í Reykjavík höfðaði mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn stefnda yfirréttarmálaflutningsmanni Oddi Gíslasyni sama staðar til greiðslu skaðabóta 65000 kr. fyrir atvinnuróg og lánsstraustspjöll, ásamt vöxtum af upp-